

Náttúruverndarstofnun

Skagafjörður
Skagfirðingabraut 21,
550 Sauðárkróki

Garðabær, 11. febrúar 2025
202501-0052/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Framkvæmdarleyfi - Sjóvörn á Hofsósi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skagafjarðar er barst 15. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um framkvæmdarleyfi vegna sjóvarna á Hofsósi.

Í greinargerð kemur fram um er að ræða um 150 m nýja sjóvörn neðan við Suðurbraut en Vegagerðin hefur unnið að útfærslu sjóvarnargarðsins í samráði við sveitarfélagið. Aðkoma að verkstað verður um verndarsvæði í byggð. Ekið verður með efni í gegnum hafnarsvæðið, skarð gert í brimvörn, ræsi sett í Hofsá á meðan á framkvæmdum stendur og malarefni þar yfir. Í verklok verður ræsi fjarlæggt og brimvarnargarði endurraðað. Þegar komið er niður á eyrina verður slétt út akstursleið utarlega á eyrinni og bætt við mól ef þörf er á. Eyrin er mynduð af framburði úr Hofsá og hefur vaxið fram um tugi metra frá því innri hafnargarðurinn var byggður um 1970. Þá tekur eyrin sífeldum breytingum og er mótuð af ágangi sjávar, einkum að vetri til þar sem öldur eru þyngri. Það eru því engin langtímaáhrif af slóðagerð á eyrinni og líklegt er að öll ummerki verði farin að liðnum einum vetri frá verklokum. Þegar komið er út fyrir verndarsvæðið tekur við um 100 m kafla þar sem fyrir er stuðlað grjóti.

Til að hlífa þessum kafla og halda í karakter svæðisins er lagt er til að á þeim kafla verði lagður malarslóði ofan á stuðlaða grjótið til að koma efni að verkstað. Í verklok verður mól fjarlægð að hluta ofan af grjótinu en það sem eftir er mun hreinsast með ágangi sjávar. Gert er ráð fyrir að notast verði við fjögurra öxla vörubíla eða „trailera“ til að aka efni í verkið og áætlaður fjöldi ferða er um 250.

Að mati Náttúruverndarstofnunar munu áhrif verkefnisins vera á framkvæmdartíma og bendir stofnunin á mikilvægi þess að fylgst sé með því að öll ummerki vegslóðans verði farin.

Ef ætlunin er að leggja ræsi í Hofsá þá bendir Náttúruverndarstofnun á að í lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 segir í 33. gr. „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu“.

Náttúruverndarstofnun

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sveinn Kári Valdimarsson

sérfræðingur